



Kvika - Séreignarsparnaður 5

Yfirlit 30.04.2017

Um safnið

Kvika býður sjóðsfélögum sínum að ávaxta séreignarsparnað sinn í dreifðum eignasöfnum að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem sjóðsfélagar kjósa. Séreignarsparnaður 4 fjárfestir í innlánum og ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Séreignarsparnaður 4 hefur heimild til að fjárfesta í hlutabréfum allt að 70%. Viðmið hlutabréfa í leiðinni eru 70%. Markmið Séreignarsparnaðar 4 er að tryggja sjóðsfélögum sínum góða ávöxtun með fjárfestingum í hlutabréfum og skuldabréfum þar sem fjárfest er með góðri áhættudreifingu.

Markaðspunktur

Horfur um gang efnahagslífsins á Íslandi eru góðar um þessar mundir. Hagvöxtur mældist 7,2% á árinu 2016 og eru spár um hagvöxt á þessu og næstu árum bjartar. Hagvöxtur hefur verið drifinn áfram af auknum útflutningi, fjárfestingum og einkaneyslu. Skuldabréfamarkaður hefur verið sterkur og það eru lengri bréf sem hafa skilað hvað bestri ávöxtun. Vísitala 10 ára verðtryggðra ríkisskuldabréfa hefur gefið 3,5% og 10 ára óverðtryggð ríkisskuldabréf hafa gefið 2,8% á árinu miðað við 30.4.2017. Innflæði erlendra aðila inná skuldabréfamarkaðinn hefur verið töluvert og má búast við áframhaldandi innflæði næstu misseri.

Verðbólgan hefur ekki hækkad að ráði undanfarin misseri. Með hagstæðari viðskiptakjörum hefur myndast svigrúm hjá fyrirtækjum til að lækka verð á vöru og þjónustu. Helstu ástæður fyrir hagstæðari viðskiptakjörum eru m.a. lækkan á heimsmarkaðsverði á hrávörumörkuðum, umtalsverð styrking krónunnar og lág alþjóðleg verðbólga. 12-mánaða verðbólga mældist í apríl 1,9%. Seðlabankinn lækkaði stýrivexti sína um 0,25% þann 17. maí og eru þá meginvextir bankans á sjö daga bundnum innlánum 4,75%. Það er einkum sterkari króna og lægri verðbólga sem gefur Seðlabankanum færi á að lækka stýrivexti sína.

Hlutabréfamarkaður á árinu hefur verið ágætur. Frá áramótum hefur hlutabréfavísitalan hækkad um tæp 10%, þar sem Marel, Sjóvá og Síminn hafa hækkad mest. Hinsvegar hafa hlutabréf í Ícelandair lækkað verulega á árinu eða um rúm 40%. Það eru góð ytri skilyrði á Íslandi fyrir hlutabréf um þessar mundir, mikill hagvöxtur, lækkandi vextir og uppgjör flestra félaga hafa verið ágæt.

Fjárfestingastefna

Tegund verðbréfa	Vikmörk	Núv. eign
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf ríkisábyrgð	35-80%	37,9%
Innlán í bönkum og sparisjóðum	0-25%	2,7%
Önnur verðbréf	0-40%	27,2%
Hlutabréf og hlutabréfasjóðir	0-70%	32,3%
Samtals		100,0%

Séreignarsparnaður 4 er blönduð fjárfestingaleið sem fjárfestir í innlánum, skuldabréfum og hlutabréfum. Séreignarsparnaður 4 heimild til að fjárfesta í hlutabréfum allt að 70%. Séreignarsparnaður 4 er hugsaður fyrir þann aldursþóp sem á að jafnaði töluverðan tíma eftir á vinnumarkaði þar sem þeir einstaklingar geta þolað töluverðar sveiflur í ávöxtun milli ára. Markmið sjóðsins er að eignir hans séu ávaxtaðar með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Um eignasamsetningu Séreignarsparnaðar Kviku gilda lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Séreignarsparnaður í Kviku
er valkostur fyrir þá sem vilja greiða
viðbótariðgjöld til að auðvelda fólki
að hætta að fyrr að vinna og stuðla að
betri fjárhag eftir starfslok.

Ávöxtun

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Árið 2017 - 30.4.2017	2,1%	1,8%
Árið 2016	-0,1%	-2,1%
Árið 2015	8,6%	6,5%

Fyrirvari: Yfirlit yfir séreignarsparnað Kviku er unnið af starfsmönnum eignastýringar. Umfjöllunin skal ekki skoðast sem fullnægjandi lýsinga á þeirri séreignarleið sem fjallad er um. Upplýsingarnar hér að ofan eru settar fram eftir bestu samvisku þeirra sem vinna umfjöllunina miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir á þeim tíma sem hún var sett fram. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.